

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 112/2001**

**frá 28. september 2001**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2001 frá 19. júní 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2364/2000 frá 25. október 2000 um fjórðu skrána yfir efni sem hafa forgang eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/66/EB frá 23. október 2000 um að bæta virku efni (tríasúlfúroni) við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/67/EB frá 23. október 2000 um að bæta virku efni (esfenvalerati) við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/68/EB frá 23. október 2000 um að bæta virku efni (bentasóni) við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 17 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 273, 26.10.2000, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 276, 28.10.2000, bls. 35.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 276, 28.10.2000, bls. 38.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 276, 28.10.2000, bls. 41.

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32000 L 0066:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/66/EB 23. október 2000 (Stjtið. EB L 276, 28.10.2000, bls. 35),
- **32000 L 0067:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/67/EB 23. október 2000 (Stjtið. EB L 276, 28.10.2000, bls. 38),
- **32000 L 0068:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/68/EB 23. október 2000 (Stjtið. EB L 276, 28.10.2000, bls. 41).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12e (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32000 R 2364:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2364/2000 frá 25. október 2000 (Stjtið. EB L 273, 26.10.2000, bls. 5).“

*3. gr.*

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2364/2000 og tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 2000/66/EB, 2000/67/EB og 2000/68/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

---

(\* ) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*E. Bull*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*